



Íþróttá- og tómastundasvið Reykjavíkur

Styrkveiting/greinagerð

Skýrsla um Leikskólaverkefni ÍR

Við hjá ÍR viljum skapa tækifæri fyrir alla íbúa Breiðholts til að stunda hreyfingu og líkamsrækt í sínu nærumhverfi með skipulögðum hætti. Þessi vilji nær einnig til yngstu íbúa hverfisins og á þeim forsendum var leikskólaverkefni ÍR sett af stað fyrir fimm árum síðan. Í Breiðholti eru nú starfandi ellefu leikskólar víðsvegar um hverfið okkar bæði í 109 og 111. Verkefnið sem um ræðir felur í sér að ÍR ræður sér þjálfara sem tekur að sér að skipuleggja og sjá um íþróttatíma fyrir elstu börnin úr öllum leikskólunum, en hver skóli fær einn tíma í viku. Íþróttatímarnir fara fram í íþróttahúsum víðsvegar um hverfið, í göngufjarlægð frá leikskólunum.

Verkefnið hefur á undanförunum árum gefist gríðarlega vel og hefur sérstaklega vakið lukku hjá stjórnendum leikskólanna. Æfingarnar brjóta upp starf skólanna á jákvæðan hátt og börnin eru iðulega spennnt fyrir næstu æfingu. Þau fá einnig að venjast því að labba um hverfið sitt og virða fyrir sér nærumhverfi sitt á leið til æfinga.

Leikskólaverkefni ÍR er unnið í takt við menntastefnu Reykjavíkurborgar, *Látum draumana rætast*, en meginmarkmið þeirrar stefnu (félagsfærni, sjálfsefning, læsi, sköpun og heilbrigði) eru atriði sem öll börn geta meðal annars ræktað með því að stunda skipulagða hreyfingu í hópi sinna jafnaldra.

Breiðholt er samfélag sem er að miklu leyti myndað af fólki frá mismunandi menningarheimum og erum við ÍR-ingar stoltir af þeirri staðreynd. Verkefni sem þetta býr til einn vettvang til viðbótar þar sem börn geta þroskast í sameiningu þvert á kyn, uppruna eða litarhátt sinn. Slíkt starf er mikilvægt okkur hér í Breiðholti og þar leika íþróttir lykilhlutverk. Þess vegna er mikilvægt að börn á leikskólaaldri kynnist íþróttum snemma og geti í framtíðinni nálgast þær og notið góðs af þeim jákvæðu áhrifum sem slíkt starf hefur á einstaklinginn og samfélagið.

Um leið og við gerum grein fyrir síðasta starfsári sækir ÍR um áframhaldandi styrk til að halda verkefninu gangandi veturinn 2019/2020. Það hefur sannast að verkefnið er mikilvægt, bæði fyrir félagið og fyrir leikskólana í Breiðholti og því er það einlæg ósk okkar að hægt sé að finna verkefninu farveg áfram.

Veturinn 2018/2019

Þjálfari þennan veturinn var Sigfús Ómar Höskuldsson. Eftir að leikskólarnir höfðu fengið sína tíma úthlutaða hófust æfingar fyrstu vikuna í október. Fyrri önninn lauk í fyrstu viku desember 2018 en seinni önnin hófst svo í janúar og stóð fram í apríl. Alls voru um 235 börn sem tóku þátt í verkefninu frá ellefu skólum. Kostnaður vetrarins fól í sér launakostnað þjálfarans: 1.720.000,- auk áhaldakaupa.

Starfsveturinn 2019/2020

Kostnaður 2019/2020

Þjálfunarkostnaður – 1.720.000,-

Tækjabúnaður/áhöld til æfinga – 320.000,-

Áætlun 2019/2020

Júlí – gengið frá ráðningu þjálfara/íþróttafraeðings sem mun halda sjá um verkefnið.

September – Leikskólaverkefni ÍR auglýst meðal leikskóla og tímum raðað niður í íþróttahúsum.

15. september – undirbúningur þjálfara hefst.

1. október – Æfingar hefjast.

6. desember – Æfingum lýkur á haustönn.


6. janúar 2020 – Æfingar vorannar hefjast.

30. mars 2020 – Æfingum vorannar lýkur.

10. apríl 2020 – fundum og skýrslu skilað af þjálfara.

Apríl 2020 – Fundur með leikskólastjórum þar sem farið er yfir veturinn.

f.h. Íþróttafélags Reykjavíkur



Árni Birgisson
Framkvæmdastjóri